

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. september 2019:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði leggja það til að skóla- og frístundasvið skoði þann möguleika á að breyta húsnæði Kelduskóla – Korpu í sameiginlegan leik- og grunnskóla með tilliti til kostnaðarmats. Enn fremur verði vilji skólasamfélagsins og foreldrafélagsins kannaður. Þegar hefur verið samþykkt að hefja rekstur svipaðra skóla í Reykjavík. Reykjavíkurborg ætlar að bjóða upp á nýja skólagerð fyrir börn á aldrinum 2 ára til 16 ára þar sem styrkleikar leikskóla, grunnskóla og frístundar fléttast saman í skóla sem geta dregið fram það besta í hverju barni. Álfka tillaga um rekstur Kelduskóla Korpu kom fyrst fram hjá starfshópi um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðarhverfi í Grafarvogi í apríl 2016.